

BORGARRÁÐ 18. nóvember 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að skrifað verði undir yfirlýsingu um orkuskipti í vegsamgöngum - R21110187

Lagt er til að stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar skrifi undir Hreinn 2 og 3 <https://analytics-eu.clickdimensions.com/cn/azxai/greenorkuskipti> Stofnanir og fyrirtæki sem geta notað vistvænar bifreiðar ættu að skrifa undir þessa yfirlýsingu. Í henni kæmi fram að slíkt tæki gildi í seinasta lagi árið 2025. Miða ætti við að allar bifreiðar hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki verði því vistvænar árið 2025 verði slíku komið við. Slík undirritun yfirlýsingar myndi sjá til þess að nýjar bifreiðar verði ekki keyptar nema að þær standi undir því að vera vistvænar. Skilaboð Reykjavíkurborgar væru hér skýr. Með þessu væri gefin 3 ár til að skipta út þeim bifreiðum sem þegar hafa verið keyptar og óhagkvæmt væri að skipta strax út. Forsendur þess að við náum Parísarsamkomulaginu eru orkuskipti í samgöngum. Reykjavíkurborg má ekki láta sitt eftir liggja í því brýna umhverfismáli. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sé í fararbroddi í umhverfismálum og sýni þar frumkvæði og framsýni.